



## Reglur um val stúdenta til BS náms í hjúkrunarfræði skólaárið 2009-2010 Samþykktar á deildarfundi, 19. Júní 2009 og staðfestar af háskólaráði 27. ágúst

Fjöldi þeirra stúdenta sem öðlast rétt til náms á vormisseri 1. námsárs Hjúkrunarfræðideildar, miðast við 98. gr. reglugerðar nr. 569/2009 fyrir Háskóla Íslands.

Við val á þessum stúdentum verður beitt eftirfarandi reglum:

A. Prófað verður í öllum þeim námskeiðum sem kennd eru á haustmisseri 1. námsárs. Stúdentar verða að taka öll prófin á sama námsári og valið fer fram. Ekki er hægt að fá viðurkennd eldri próf.

B. Lágmarkseinkunn í námskeiðum á haustmisseri 1. árs er 5,0. Þeim stúdentum sem þreyta samkeppnispróf á haustmisseri 1. námsárs og ná tilskildri lágmarkseinkunn í öllum námskeiðum er raðað eftir lækkandi heildareinkunn. 120 efstu stúdentarnir fá að halda áfram námi á vormisseri 1. námsárs. Ef tveir eða fleiri stúdentar eru jafnir í síðasta sæti skulu þeir báðir/allir eiga rétt til setu á vormisseri 1. námsárs.

C. Prófað verður úr fimm námskeiðum. Vægi þeirra er ákveðið af deildarfundi að fengnum tillögum námsnefndar.

Vægi þeirra er sem hér segir:

Líffærafræði 20%

Félagsfræði 20%

Lífefnafræði 20%

Sálarfræði 20%

Heimspækilegforspjallsvísindi 20%

Einkunn fyrir hvert námskeið er gefin með tveimur aukastöfum, frá 0,0-10,0. Þær einkunnir eru síðan aðlagðar ofangreindu vægi. Heildareinkunn í numerus clausus fæst með því að leggja saman einkunnir úr einstökum námskeiðum, sem þannig hafa verið vegnar. Þessi einkunn er lögð til grundvallar við niðurröðun stúdenta hvað varðar áframhaldandi nám.

D. Sjúkrapróf verða haldin, ef nauðsyn krefur, svo fljótt sem auðið er.

E. Stefnt er að því að einkunnir úr samkeppnisprófi að loknu haustmisseri 1. námsárs Hjúkrunarfræðideildar H.Í. verði birtar fyrir 10. janúar. Að öllu jöfnu er stúdentum ekki veitt námsleyfi á fyrsta námsári



## Reglur um framkvæmd prófa á fyrsta misseri í hjúkrunarfræði

1. Skipa skal prófdómara skv. reglum, sem um þá gilda, fyrir allar prófgreinar samkeppnisprófsins.
2. Einkunn fyrir hvert próf er gefin með tveimur aukastöfum. Aðaleinkunn er reiknuð út á grunni þessara einkunna og gefin með tveimur aukastöfum. Sú aðaleinkunn er hin opinbera niðurstaða samkeppnisprófa og eftir henni er farið við val nemenda til áframhaldandi náms. Nemendur fá hins vegar í Nemendaskrá Háskóla Íslands skráða einkunn fyrir hverja prófgrein, en sú einkunn er námunduð og því ekki eins nákvæm og aðaleinkunnin.
3. Engar einkunnir skulu birtar fyrr en einkunnir hafa borist úr öllum prófgreinum samkeppnisprófsins og prófdómarar hafa farið yfir úrlausnir. Þetta jafngildir því að engar einkunnir verði kunngerðar fyrr en fyrir liggur hvaða stúdentar eru í hópi þeirra sem fá rétt til áframhaldandi náms í hjúkrunarfræði skv. numerus clausus hverju sinni.
4. Að einkunnum kunngerðum skv. lið 2 fer engin endurskoðun fram á þeim á vegum Hjúkrunarfræðideildar.
5. Veikist nemandi í desemberprófum ber honum að senda Nemendaskrá læknisvottorð innan þriggja daga frá prófdegi.